við frv. til l. um breyt. á l. nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal eins fljótt og við verður komið láta Sexmannanefnd í té sem nákvæmastar upplýsingar um vanda þann, sem skapast hefur sökum þess að framleiðsla landbúnaðarafurða hefur orðið meiri en svo að verðábyrgð ríkissjóðs sökum útflutnings á framleiðslu umfram innanlandsþarfir nægi. Í upplýsingum þessum komi m. a. fram hvert verða muni líklegt tekjutap bænda, verði ekkert að gert, svo og hvaða kostnað þurfi að greiða sökum umframframleiðslunnar öðrum en framleiðendum sjálfum, svo sem vinnslu-, sölu- og geymslukostnað.

Sexmannanefnd skal gera tillögu til ríkisstjórnarinnar um hvernig bregðast megi við þessum vanda þannig að takist að draga úr áhrifum tekjutapsins hjá framleiðendum, einkum þeim tekjulægstu, m. a. með þátttöku vinnslu- og sölusamtaka landbúnaðarins í þeirri lausn.

Tillögur þessar verði lagðar fyrir ríkisstjórnina svo tímanlega að færi gefist á að taka afstöðu til hugsanlegrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu í þessu skyni við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjáráætlunar á næsta reglulegu Alþingi.